

Sp. 84. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]
um verðlagsrannsókn.

Flm.: Birgir Dýrfjörð, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að láta fara fram rannsókn á þeim verðhækkunum sem átt hafa sér stað á líðandi ári með það að markmiði að leiða í ljós hverjar orsakirnar séu, þar á meðal hvort verslunar- og þjónustufyrirtæki séu að ætla sér aukinn hlut í ágóða eða til þess að standa undir óhagkvæmri fjárfestingu. Jafnframt verði verðmyndun í innflutningsverslun athuguð sérstaklega. Sömuleiðis verði kannað að hve miklu leyti takmörkun á samkeppni leiði til óhóflegs verðs á vörum og þjónustu, þar á meðal sérstaklega á flutningsgjöldum og hvort slíkar aðstæður gefi tilefni til þess að beita ákvæðum um hámarksverð eða hámarksálagningu.

Greinargerð.

Þegar rekin er fastgengisstefna sem byggir á því að laun í krónum talið hækki sem minnst en kaupmáttur haldist og helst aukist er óæskilegt að hagsmunaaðilar í verslun og þjónustu eigi að miklu leyti sjálfðæmi um þann veigamikla þátt í kaupmætti sem verð á vörum og þjónustu er. Þetta sjálfðæmi felst í frjálstri álagningu á vörur og afar frjálstri verðákvörðun á þjónustu.

Vegna þessa fyrirkomulags ræðst kaupmáttarstig launa mjög af því hvað þessum hagsmunaaðilum tekst að hemja hagnaðartilhneigingu sína.

Þó ekki verði farið út í það hér í þessari greinargerð er auðgert að tína til dæmi sem sanna samstarf um verðákvarðanir í stað samkeppni.

Í sjónvarpsþætti laugardaginn 30. okt. sl. viðhafði forstjóri Þjóðhagsstofnunar þau ummæli að auðvelt væri að velta vaxtakostnaði út í verðlag.

Fjárfesting í verslun á Íslandi hefur verið langt umfram þarfir og vaxta- og fjármagns-kostnaður mjög mikill.

Þá eru kunn dæmi um vörukaupalán með himinháum vöxtum og sölu á greiðslukortanótum með afföllum. Vegna reglugerðar ríkisvalds um frjálsa álagningu getur verslunin velt þessum okurvöxtum og afföllum út í verð á vöru og þjónustu og yfir á herðar neytenda sem eiga þá enga aðra vörn en að krefjast hærri launa. Það leiðir af sér aukinn kostnað og hærri verð á vörum og þjónustu sem ýtir aftur undir launakröfur og verðbólga færir á fleygiferð með fyrirsjáanlegum hörmungum og falli fastgengisstefnunnar.

Tilburðir til að örva samkeppni með verðkönnunum og auglýsingum um hæsta og lægsta verð á vöru eru tilviljunarkenndar, ómarkvissar aðgerðir og gagnslitlar nema í örfáum undantekningartilvikum, enda segir auglýsing á vöruverði ekkert um það hvort álagning á vöruna er t.d. 60–80% eða 100% eða meira og mjög víða um landið eru engar forsendur fyrir samkeppni.

Á það skal bent að verðlagsákvæði eru um hámark á álagningu. Undir því hámarki getur verið mikil samkeppni um verð og þjónustu sé vilji fyrir hendi.